



4. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar Miðvikudaginn 16. ágúst 2006, kl. 17:15.

Formaður bæjarráðs, Héðinn Sigurðsson, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerð menningar- og fegrunarnefndar frá 31. júlí sl.
2. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 8. ágúst sl.
3. Erindi frá skólastjóra.
4. Fundarboð frá Veiðifélagi Laxár á Ásum.
5. Umsóknir um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.
6. Verðskrá tæknideildar.
7. Trúnaðarmál.
8. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. **Fundargerð menningar- og fegrunarnefndar frá 31. júlí sl.**
Fundargerðin kynnt og tekin til afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.
2. **Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 8. ágúst sl.**
Fundargerðin kynnt og tekin til afgreiðslu. Samþykkt samhljóða.
3. **Erindi frá skólastjóra.**
Óskað er eftir því að kennslumagn skólaárið 2006-2007 verði 395 stundir á viku. Jafnframt er óskað eftir 10% aukningu á starfsheimild fyrir skóladagheimili og 60% aukningu til að ráða stuðningsfulltrúa á yngsta stigi.

Bæjarráð samþykkir ofangreint kennslumagn fyrir skólaárið 2006-2007.
4. **Fundarboð frá Veiðifélagi Laxár á Ásum.**
Boðað er til fundar í veiðifélaginu þ. 19. ágúst. Aðalefni fundarins er leiga árinna næstu 3 - 5 árin og endurnýjun veiðihúss. Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson sækir fundinn f.h. Blönduóssbæjar.
5. **Umsóknir um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.**
Bókað í trúnaðarbók.
6. **Verðskrá tæknideildar.**
Lagt fram yfirlit yfir gatnagerðargjöld
7. **Trúnaðarmál.**
Bókað í trúnaðarbók.
8. **Önnur mál.**
 - a. **Ráðning fjármálastjóra.** *Tvær umsóknir bárust um stöðu fjármálastjóra á bæjarskrifstofu. Bæjarráð samþykkir samhljóða að Baldur Valgeirsson verði ráðinn í starfið.*



b. Framhaldsaðalfundur Félagsheimilisins á Blönduósi. *Boðað er til fundarins nk. mánudag, 21. ágúst kl. 18:00.*

c. Bílastæði við íþróttamannvirki og Grunnskólann á Blönduósi. *Bæjarráð felur tæknideild að auglýsa eftir tilboðum í verkið. Um er að ræða rif, jarðvinnu og lagnir í jörð haustið 2006 og frekari frágang yfirborðs (malbikun) vorið 2007.*

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Héðinn Sigurðsson (sign.)

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Fundi slitið kl. 18:30 .

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)

Áheyrnarfulltrúi:

Valdimar Guðmansson (sign.)